



KENNARARÁÐ

YFIRLIT YFIR STÖRF RÁÐSINS STARFSÁRIÐ 2020-2021

12. nóvember 2021

EFNISYFIRLIT

KENNARARÁÐ	2
REGLUGERÐ UM HÆFNIRAMMA.....	3
HÆFNIRAMMI FYRIR ALMENNA OG SÉRHÆFÐA HÆFNI KENNARA OG SKÓLASTJÓRNENDA	3
HÆFNI Í ÍSLENSKU	3
STARFSÞRÓUN	3
ÞRÓUN OG ÁHERSLA Í MENNTAVÍSINDUM	4
STARFSÞRÓUN KENNARA OG SKÓLASTJÓRNENDA	4
LEIÐSÖGN UM MAT Á SÉRHÆFINGU KENNARA VIÐ RÁÐNINGU.....	4
FUNDIR, VINNUHÓPAR OG MEÐLIMIR KENNARARÁÐS.....	5
VINNUHÓPUR UM SÉRHÆFÐA HÆFNI SKÓLASTJÓRNENDA	5
VINNUHÓPUR UM HÆFNI Í ÍSLENSKU.....	5
VINNUHÓPUR UM ALMENNA OG SÉRHÆFÐA HÆFNI KENNARA	6
VINNUHÓPUR UM STARFSÞRÓUN	6
RITSTJÓRN UM HÆFNIRAMMA	6
MEÐLIMIR KENNARARÁÐS	6

KENNARARÁÐ

Hlutverk kennararáðs er m.a. að¹:

- veita ráðherra ráðgjöf og leiðbeiningar um þróun hæfniramma með því að gera tillögu um innihald og endurskoðun reglugerðar um hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda,
- veita leiðbeiningar og ráðgjöf um útfærslu hæfniramma á grundvelli þessa kafla og reglugerðar skv. 8. gr.,
- veita ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og notkun hæfniramma við útfærslu og framkvæmd hennar,
- fylgjast með alþjóðlegri þróun og áherslum í menntavísindum og nýta við ráðgjöf um kennaramenntun og starfsþróun,
- veita leiðsögn um mat á sérhæfingu kennara við ráðningu,
- efla vitund um mikilvægi kennarastarfsins í samfélaginu.

Meginviðfangsefni kennararáðs fyrsta starfsárið sneri að fyrsta hlutverki ráðsins. Kennararáð vann tillögu um innihald reglugerðar um hæfniramma og skilaði til mennta- og menningarmálaráðuneytis sumarið 2021.

Kennararáð var skipað frá 15. júní 2020 og er skipunartímabilið fjögur ár. Fyrsta starfsári kennararáðs lauk sumarið 2021. Yfirlit þetta stiklar á stóru um helstu verkefni kennararáðs fyrsta starfsárið.



¹ sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 95/2019.

REGLUGERÐ UM HÆFNIRAMMA

Kennararáð hefur unnið tillögur að innihaldi reglugerðar þar sem nánar er lýst hæfniramma með viðmiðum fyrir kennara og skólastjórnendur (sbr. 8. gr. laga nr. 95/2019). Hæfni kennara og skólastjórnenda felur í sér getu til að hagnýta þekkingu og leikni í samræmi við aldur og þroska nemenda og aðstæður hverju sinni.

Tillögur kennararáðs um innihald reglugerðarinnar sneru að þremur þáttum, hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda, hæfni kennara í íslensku og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda

Eitt af hlutverkum kennararáðs skv. lögnum er að veita mennta- og menningarmálaráðherra ráðgjöf og leiðbeiningar um þróun og útfærslu hæfniramma. Kennararáðið skal einnig gera tillögu um innihald og endurskoðun reglugerðar um hæfniramma. Í reglugerð (sbr. 8. gr. laga nr. 95/2019) er hæfniramma lýst nánar með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda. Hæfniramminn er hluti þeirrar reglugerðar.

Hæfniramma fyrir kennara felur í sér viðmið sem ætlað er að:

- a. veita leiðsögn um inntak kennaramenntunar,
- b. setja fram skilyrði fyrir útgáfu leyfisbréfs kennara,
- c. vera grunnur að innra og ytra mati á gæðum skólastarfs,
- d. veita leiðsögn um starfsþróun og endurmenntun kennara,
- e. veita leiðsögn við ráðningu kennara.

Tillögur um hæfniramma kennara og skólastjórnenda voru á árinu sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Hæfni í íslensku

Sérstaklega er kveðið á um hæfni kennara í íslensku í 8. gr. laga nr. 95/2019 sem snýr að reglugerð um hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda. Tillögu kennararáðs um innihald reglugerðarinnar sem snýr að hæfni í íslensku var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Starfsþróun

Tillögur um innihald reglugerðar (sbr. 8. gr. laga nr. 95/2019) sem snúa að starfsþróun kennara og skólastjórnenda voru sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti.

ÞRÓUN OG ÁHERSLA Í MENNTAVÍSINDUM

Kennararáð kynnir sér stöðugt þróun og áherslur í menntavísindum, til dæmis með lestri ýmissa innlendra og erlendra skýrslna og rita. Nokkrir meðlimir kennararáðs sátu ráðstefnu alþjóðasamtaka kennararáða (IFTRA, *International Form of Teacher Regulatory Authorities*) á starfsárinu þar sem kennararáð er meðlimur. Á fundum kennararáðs fóru að auki fram formlegar kynningar á starfsárinu sem voru eftirfarandi:

Efni	Aðili
Kennararáð í öðrum löndum	Anna María Gunnarsdóttir, Kennasambandi Íslands
Niðurstöður forhóps kennararáðs	Björg Pétursdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Álitamál í leyfisbréfaveitingu	Ingileif Ástvaldsdóttir, Menntamálastofnun
Starfsþróunarverkefnið Larerlyftet	Freyja Hreinsdóttir, Háskóla Íslands

STARFSÞRÓUN KENNARA OG SKÓLASTJÓRNENDA

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda er samofin gæðum skólastarfs. Kennararáð starfrækir sérstakan vinnuhóp með meðlimum kennararáðs ásamt sérfræðingum utan ráðsins. Vinnuhópurinn er til ráðgjafar um málefni starfsþróunar. Sérstök skref sem tekin voru á starfsárinu sem snúa að starfsþróun voru:

- Kennararáð sendi frá sér ályktun til stjórnar Kennarasambands Íslands sem snýr að hvatningu um utanumhald rafræns vegabréfs starfsþróunar.
- Kennararáð sendi mennta- og menningarmálaráðuneyti tillögur um innihald reglugerðar (sbr. 8. gr. laga nr. 95/2019) sem snúa að starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

LEIÐSÖGN UM MAT Á SÉRHÆFINGU KENNARA VIÐ RÁÐNINGU

Kennararáð rýndi leiðbeiningar Menntamálastofnunar um verklag við ráðningar kennara og skólastjórnenda á starfsárinu.

FUNDIR, VINNUHÓPAR OG MEÐLIMIR KENNARARÁÐS

Fulltrúar í kennararáði eru frá Háskólanum á Akureyri (HA), Háskóla Íslands (HÍ), Listaháskóla Íslands (LHÍ), Kennarasambandi Íslands (KÍ), Menntamálastofnun (MMS), Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Skólameistarafélagi Íslands (SMÍ). Formaður og varaformaður eru skipaðir af mennta- og menningarmálaráðherra. Þeirra varamenn eru úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Á fyrsta starfsári ráðsins fundaði það 11 sinnum. Á fyrsta fund ráðsins voru bæði aðal- og varamenn. Á aðra fundi voru aðeins aðalmenn boðaðir. Varamenn hafa þó að jafnaði mætt í þeim tilfellum þegar aðalmenn forfallast. Mætingar á fundi kennararáðs má sjá hér fyrir neðan.

	JÚNÍ 2020	JÚLÍ 2020	ÁGÚST 2020	SEPT 2020	OKT 2020	NÓV 2020	DES 2020	JAN 2021	FEB 2021	MARS 2021	APRÍL 2021	MAÍ 2021	JÚNÍ 2021
Formaður	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Varaformaður	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi HA	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi HÍ	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi LHÍ	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi KÍ (1)	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi KÍ (2)	✓		✓	✓	✓	✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓
Fulltrúi KÍ (3)	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	
Fulltrúi MMS	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi SÍS	✓	✓	✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi SMÍ	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓		✓

Fimm vinnuhópar kennararáðs voru starfræktir á starfsárinu sem funduðu allir reglulega. Meðlimir vinnuhópanna voru hvort tveggja meðlimir kennararáðs og sérfræðingar utan ráðsins.

Vinnuhópur um sérhæfða hæfni skólastjórnenda

Vinnuhópur um sérhæfða hæfni skólastjórnenda var skipaður fulltrúum frá Háskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skólameistarafélagi Íslands ásamt formanni kennararáðs. Vinnuhópurinn skilaði tillögum sínum til kennararáðs og hefur lokið störfum.

Vinnuhópur um hæfni í íslensku

Vinnuhópur um hæfni í íslensku var skipaður fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Listaháskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hópurinn fékk að auki til sín aðra sérfræðinga við vinnuna. Vinnuhópurinn skilaði tillögum sínum til kennararáðs og hefur lokið störfum.

Vinnuhópur um almenna og sérhæfða hæfni kennara

Vinnuhópur um almenna og sérhæfða hæfni kennara var skipaður fulltrúum frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennarasambandi Íslands, Menntamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skólameistarafélagi Íslands ásamt varaformanni kennararáðs. Vinnuhópurinn skilaði tillögum sínum til kennararáðs og hefur lokið störfum.

Vinnuhópur um starfspróun

Vinnuhópur um starfspróun er skipaður fulltrúum frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennarasambandi Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Vinnuhópurinn hefur skilað formlegum tillögum til kennararáðs. Vinnuhópurinn er starfandi.

Ritstjórn um hæfniramma

Vinnuhópur sem tók að sér ritstýringu á tillöggu kennararáðs um hæfniramma var skipaður fulltrúum úr öðrum vinnuhópum. Vinnuhópurinn fundaði reglulega síðari hluta starfsársins. Vinnuhópurinn skilaði svo tillögum sínum til kennararáðs og hefur lokið störfum.

Meðlimir kennararáðs

Tilnefnd af	Aðalmenn	Varamenn
Án tilnefningar	Birgir U. Ásgeirsson, formaður	Björg Pétursdóttir
Án tilnefningar	Sonja Dögg Pálsdóttir, varaformaður	Sigríður Lára Ásbergisdóttir
Háskólanum á Akureyri	Guðmundur Engilbertsson	Kristín Dýrfjörð
Háskóla Íslands	Freyja Hreinsdóttir	Kristín Jónsdóttir
Listaháskóla Íslands	Ingimar Ólafsson Waage	Gunndís Ýr Finnbogadóttir
Kennarasambandi Íslands	Anna María Gunnarsdóttir	Guðjón Hreinn Hauksson
Kennarasambandi Íslands	Haraldur Freyr Gíslason	Sigrún Grendal Jóhannesdóttir
Kennarasambandi Íslands	Þorgerður Laufey Diðriksdóttir	Þorsteinn Sæberg
Menntamálastofnun	Ragnar Friðrik Ólafsson*	Auður Bára Ólafsdóttir**
Sambandi íslenskra sveitarfélaga	Karl Frímansson	Svandís Ingimundardóttir
Skólameistarafélagi Íslands	Guðbjörg Aðalbergisdóttir	Kristinn Þorsteinsson

* Tók við af Guðnýju Ástu Snorradóttur.

** Tók við af Ragnari Friðriki Ólafssyni.

Starfsmaður kennararáðs: Ingileif Ástvaldsdóttir, Menntamálastofnun.

Veffang kennararáðs: kennararad.is

Tölvupóstfang kennararáðs: kennararad@mms.is